

6. maí 2019

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir tímabilið 2020-2024.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Vill stofnunin koma á framfæri sjónarmiðum, sem varða stuðning stjórnvalda við vöruþróun og nýsköpun í ferðaþjónustu.

Í fyrsta lagi vill Ferðamálastofa benda á að í fjármálaáætlun 2018-2022 og frumvarpi til fjárlaga fyrir 2018 var málefнасviði 14 um ferðaþjónustu skipt upp í tvo málaflokka í stað eins, þ.e.:

- **Stjórnun ferðamála (14.1),**
- **Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum (14.2).**

Í gildandi fjármálaáætlun og í fjárlögum fyrir árið 2019 gekk þessi breyting til baka og nú er aðeins einn málaflokkur skilgreindur fyrir málefнасvið ferðaþjónustu, sem ber sama heiti og málefнасviðið. Kostir þess að hafa sérstakan málaflokk um **rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum** eru þó miklir. Annars vegar er þannig undirstrikað mikilvægi rannsókna og hvers kyns vöruþróunar fyrir framgang greinarinnar. Hins vegar dregur sérstakur málaflokkur um rannsóknir og vöruþróun fram forgangsriðun fjárheimilda.

Til samanburðar er ágætt að hafa í huga að málefнасviði nr. 13 um sjávarútveg og fiskeldi er skipt upp í tvo málaflokka: (1) Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis, og (2) rannsóknir, þróun og nýsköpun. Sama gildir um málefнасvið nr. 12 um landbúnað. Í umfjöllun um þessi málefнасvið er áhersla lögð á mikilvægi rannsókna og nýsköpunar og aðgerðir settar fram því til áréttingar.

Ofangreind sjónarmið eru mikilvæg, enda stendur íslensk ferðaþjónusta á tímamótum. Atvinnugreinin, hagsmunaaðilar og samfélagið í heild hefur um nokkra hríð kallað eftir auknum rannsóknum á sviði ferðamála. Stjórnvöld hafa tekið undir slíkar kröfur en ekki boðað til aðgerða í því ljósi. Fyrirliggjandi fjármálaáætlun felur ekki í sér áherslubreytingu hvað þetta varðar.

**Arðsemi** greinarinnar er áhyggjuefni, sérstaklega á landsbyggðinni. Auka þarf **gæði og fjölbreytni** þjónustu og vægi **umhverfismála** eykst dag frá degi. Komíð er að lokum fordæmalauss vaxtartímabils og fyrirsjáanlegt að atvinnugreinin þarf að hagræða og

endurskipuleggja starfsemi eins og kostur er. Hið sama gildir um ferðapjónustu og aðrar atvinnugreinar að því leyti að rannsóknir, **nýsköpun og þróun er forsenda framfara**, aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu. Þrátt fyrir að greinin sjálf muni gegna mikilvægu hlutverki á þessu sviði er brýnt að ríkið styrki undirstöður greinarinnar líkt og gert er á öðrum sviðum atvinnulífsins.

Í öðru lagi vill Ferðamálastofa benda á að þótt forgangsroðun fjárheimilda sé mikilvæg þá skiptir ekki síður máli að samhengi aðgerða sé skýrt. Af þessum sökum þarf að huga sérstaklega að samfelldu flæði **gagnasöfnunar, rannsókna, vöruþróunar og nýsköpunar**. Það er því athyglisvert að hugtakið nýsköpun kemur aðeins einu sinni fyrir í umfjöllun um starfsemi málefnasviðs ferðapjónustu. Hugtakið vöruþróun kemur þar ekki fyrir. Vísað er mun oftast til rannsókna en þá í litlu sem engu samhengi við vöruþróun og nýsköpun. Þó er hér um samhangandi heild að ræða og grundvallaratriði að rannsóknir séu á endanum hagnýttar með beinum og óbeinum hætti og leggi grunn að nýjungum.

Í umfjöllun um markmið og áherslur á málefnasviðu landbúnaðar (12) og sjávarútvegs- og fiskeldis (13), er mun skýrari tenging milli rannsókna, nýsköpunar og framfara, svo dæmi séu tekin. Ferðapjónustan er því eftirbátur annarra atvinnugreina í þessu ljósi.

Í þriðja lagi telur Ferðamálastofa mikilvægt að draga fram þá staðreynd að áformað er að fjárheimildir málefnasviðs um ferðapjónustu dragist saman um 15% milli árána 2019 og 2020. Tilgreind ástæða er sú að fellt er niður tímabundið framlag til Flugþróunarsjóðs. Þá dragast fjárheimildir málefnasviðsins saman um 23% sé horft yfir tímabilið 2019-2024, eða um 523 m.kr.

Framlög til **Flugþróunarsjóðs** eru felld niður án þess að samsvarandi fjármagn sé lagt til annarra aðgerða sem aukið geta nýsköpun og vöruþróun á landsbyggðinni.

Neðangreind tafla sýnir vel ólíka þróun fjárheimilda eðlislíkra málefnasviða:

Samanburður á fjárheimildum til málefnasviða ANR									
skv. fjármálaáætlun 2020-2024 (m.kr.)									
	Fjárlög 2018	Fjárlög 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Breyting % (2019-2020)	Breyting % (2019 -2024)
Landbúnaður	16.653	16.429	16.187	16.054	15.908	15.809	15.660	-1,5%	-4,7%
Sjávarútvegur og fiskeldi	7.042	6.688	6.713	7.545	6.873	6.090	5.829	0,4%	-13,0%
Orkumál	4.172	4.176	4.345	4.051	4.111	4.177	4.192	4,0%	0,4%
Ferðapjónusta	2.165	2.276	1.934	1.902	1.729	1.766	1.753	-15,0%	-23,0%

\*Rekstrargrunnur, m.kr. á verðlagi 2019

Í fjórða lagi vill Ferðamálastofa taka undir mikilvægi markmiðs um að **verðmætasköpun** í ferðaþjónustu „aukist um 1.5% á ári“. Þó er ekki fyllilega ljóst hvaða aðgerðir eiga að stuðla að því að markmiðinu verði náð. Í þessu ljósi er þótt rétt að taka fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að stefnumótun ferðaþjónustu, þar sem tækifæri gefst til að leggja grunn að nánari aðgerðum og áherslum til að styðja við aukna verðmætasköpun í greininni.

Í ofangreindu samhengi er rétt að nota tækifærið og undirstrika að fjölmörg tækifæri blasa við til að stuðla að aukinni verðmætasköpun á grunni nýsköpunar þvert á landshluta. Hér má m.a. vísa til áfangastaðaáætlana sveitarfélaga. Sé hins vegar ekki markvisst unnið að mótun aðgerða til að auka verðmætasköpun mun tilviljun ráða miklu um hvort markmiðinu verði náð, enda hafa fjölmargir ytri þættir áhrif á verðmætasköpun s.s. fjöldi ferðamanna, framboð flugsæta, þróun verðlags og gengisbreytingar.

Í fimmta lagi vill Ferðamálastofa vísa til álitserðar fjármálaráðs um framlagða fjármálaáætlun 2020-2024. Á bls. 38 segir m.a. að „**blikur eru á lofti** í ferðaþjónustu eins og sést af tölum um minnkandi aukningu ferðamanna til landsins að undanfögnu.... Nú reynir á að hið opinbera sé í stakk búið til að bregðast við þeim búsigjum sem af slíkum áföllum hljótask“. Ferðamálastofa tekur undir álit fjármálaráðs, sem styður vel við ofangreind sjónarmið um mikilvægi rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Ofangreindum sjónarmiðum er ætlað að sýna hvernig styrkja megi áherslur og skýrleika fjármálaáætlunar, en fimm ára gildistími hennar og víðtækar áherslur geta haft mikið gildi fyrir framtíð íslenskrar ferðaþjónustu jafnt sem aðra atvinnuvegi ef rétt er að málum staðið.

F.h. Ferðamálastofu



Skarphéðinn B. Steinarsson